

Fundur 6.11.2023 Helga Sigtryggisdóttir systir Hauks.

Sælt veri fólkið, komið þið allir sælir og blessaðir.

*Já, góða kvöldið.*

Gleður það mig að tala til ykkar, fyrst þegar ég kom á þessa jörð var ég ekki upptekin af þessu starfi en tala til ykkar úr stjörnusambandsstöð og finnst svo vænt um það hvernig mitt fólk hefur oft talað til ykkar á fundum ykkar og fann ég fyrir nærveru er ég sat fund ykkar nýlega og vil ég svo gjarnan leggja mitt af mörkunum, þótt það sé lítið til að hjálpa minni Íslensku þjóð og ætt.

Og það er langt síðan ég kom til ykkar síðast og ég, það er erfiðara en ég hélt að ná upp orkunni en það er að takast og ég hef á seinni árum orðið æ virkari í þessu starfi og finnst mér að mín langa æfi á jörðinni hafi kennt mér að ég verði að gera allt sem í mínu valdi stendur til að lífstefnan sigri á jörðinni og afkomendur mínir hafi það gott og er ég þakklát fyrir góðar viðtökur síðast er ég talaði til ykkar og finnst mér ég mikið hafa þroskast síðan þá.

Og sagði ég þá aðallega frá lífi mínu og hvað ég var að afhafast í framlífi og hef ég nú á seinni árum þegar, eftir því sem ég hef dvalið hér lengur, skilið undirstöðu atriði þessara kenninga betur og fengið meiri áhuga á því að gera gagn.

Það er nú svo að húsmóður hlutverkið gleymist aldrei og skyldur húsmóðurinnar eru ekki minni í framlífi en í frumlífi og hef ég hér í framlífi einnig lært að bæta hegðun mína við eigið kyn og hið gagnstæða kyn og hef mikinn áhuga á þeim málum eins og ýmsu öðru.

Og þótt ég hafi verið gæfusöm og lánsöm á gömlu jörðinni minni og ykkar, þá hef ég ekki síður verið lánsöm í þessu framlífi og hef ég verið að læra það nýlega hvernig mikilvægt er að hafa sterkari sambönd við ykkar frumlífs jörð, þannig að ykkur gangi betur og öðrum frumlífs jörðum.

Og eftir að bróðir minn kom hingað og sameinaðist mér og öðrum í ættinni, hef ég fengið enn meiri áhuga á þessum málum og hefur hann haft það á orði að nú sé komið að konunum á gömlu jörðinni og þessari framlífs jörð að hrinda þeim árásum óvinarins sem enn þá lenda á mörgum og flestum ef ekki öllum, mismikið.

Og hafa það verið margar ánægjuríkustu stundirnar á þessari framlífs jörð, þegar ég hef upplifað nálægð Gyðjanna fornu á sambandsfundum, bæði með ykkar gamla miðli Sveini og mörgum öðrum sem hér eru, því sú orka sem fylgir þeim er óumræðanleg og bjartsýni og lífsgleði til að halda áfram með dagleg störf og vinna allskyns góð verk á lífsleiðinni.

Og finn ég nú orkuna minnka, ætla ég að reyna að segja nafn mitt, kom ég á samband til ykkar þegar Haukur bróðir minn var á lífi, Helga Sigtryggisdóttir.

*Já já, vertu velkomin.*

Takk fyrir, biður hann kærlega að heilsa og vonast að komast í sambandið fljótlega og

*Stilla til þegar Regína er.*

Já ég skil það vel að ekki sé auðvelt fyrir ykkur að tala um þetta mál við hvern sem er þar sem sumum finnst það einkennilegt, en ég hafði einhverja hugmynd um þetta en Haukur minntist á þetta við mig en ég hummaði það fram af mér og sé það nú síðar í framlífi að hefði mátt minnast á þetta við fólk og leggja trúnað á þetta meira.

Já hef, fjölskyldan stækkar, ástin dafnar og sendi mínar bestu kveðjur til frænda og frænkna minna og ættingja og annarra, þakka ég fyrir mig og vona ég að Haukur komist í sambandið fljótlega.

Verið þið sælir og þakka kærlega fyrir mig.

*Við þökkum þér kærlega fyrir komuna og vertu sæl.*